

Skólanámskrá

2025 – 2026



II. hluti

Nám og kennsla

10. bekkur

Umsjónarkennari:
Haraldur Haraldsson

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Samþætting námsgreina - Akurinn.....	3
Námsmat	3
Matsferill	4
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir.....	5
Íslenska	5
Stærðfræði	6
Náttúrugreinar.....	7
Samfélagsgreinar	8
Enska.....	9
Danska	10
Lykilhæfni	11
Skólaíþróttir	11
Upplýsinga og tæknimennt	12
Valgreinar	13

Bakgrunnsupplýsingar

Í 10. bekk eru 26 nemendur, 19 drengir og 7 stúlkur. Alls fá nemendur 37 kennslustundir á viku í kjarnagreinum og velja síðan a.m.k. 6 stundir í valgreinum. Umsjónarkennari er Haraldur Haraldsson. Stuðningsfulltrúi er Katrín Dögg Lucic.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Hjördís Ólafsdóttir
- Sund – Freyr Brynjarsson og Hjördís Ólafsdóttir
- Stærðfræði – Haraldur Haraldsson og Ríkharð Bjarni Snorrason
- Íslenska – Ingigerður Sæmundsdóttir
- Enska – Fannar Sigurpálsson
- Danska – Aníta Rós Sigurðardóttir
- Náttúrugreinar (Kennt í Akrinum)– Dóra Björk Ólafsdóttir og Tea Maria Guljas
- Samfélagsgreinar (Kennt í Akrinum)– Dóra Björk Ólafsdóttir og Tea Maria Guljas

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	240 mínútur
Stærðfræði	240 mínútur
Enska	160 mínútur
Danska	120 mínútur
Umsjón	40 mínútur
Akurinn	300 mínútur
Íþróttir	80 mínútur
Sund	40 mínútur
Val	240 mínútur
Samtals:	1460 mínútur á viku

Samþætting námsgreina - Akurinn

Í Akrinum eru samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni samþætt. Faggreinarnar eru fléttaðar saman í kennslu og verkefnavinnu. Leitast er við að auka færni nemenda í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnufærni, nýtingu upplýsinga og ábyrgð á eigin námi. Farið er yfir námsefnið í sérstökum lotum sem kallast Akrar. Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem byggja á leitaraðferðum: verkefnafræði námi (e. project-based learning), þemanám (e. thematic teaching) og þrautarlausnarnámi (e. problem-based learning). Námsmat er skráð jafnt og þétt á Mentor og námsmat verður í anda leiðsagnarmats.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Hæfniviðmið eru metin í gegn um verkefni og fær nemandi hæfnitákn fyrir hvert verkefni. Fleiri en eitt hæfniviðmið geta verið metin í hverju verkefni en hæfnitáknið sem nemandi fær fyrir lokið verkefni er heildarmat á öllum hæfniviðmiðum verkefnisins. Í hæfnikortið safnast svo hæfni sem er metin á hverju stigi, en nemandi byrjar með autt hæfnikort í 1., 5. og 8. bekk. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.
- **Mjög góð hæfni** ef nemandi hefur náð mjög góðum tókum á hæfniviðmiði
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- **Þarfnast þjálfunar** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tókum á því.
- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarveru.



Við lok 10. bekkjar eru allar námsgreinar metnar og nemandi fær útprentaðan vitnisburð með bókstaf í hverri námsgrein út frá matsviðmiðum sem lýsir hæfni nemandans.

A	Mikill meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá og örfá hæfni náð, græn.
B+	Meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá, nokkur hæfni náð, græn og mjög fá á góðri leið, fjólublá.
B	Meirihluti hæfniviðmiða hæfni náð, græn, rými fyrir framúrskarandi, blá og á góðri leið, fjólublá, jafnvel eitt og eitt þarfnast þjálfunar, gult.
C+	Hæfni á góðri leið, fjólublá er ríkjandi. Merkingar fjölbreyttar hjá nemandanum (grænt og blátt sést) og þarfnast þjálfunar, gult sést oft.
C	Meirihluti hæfniviðmiða á góðri leið, fjólublátt. Fá eða engin hæfni græn eða blá og þarfnast þjálfunar sést einnig víða.
D	Meirihluti hæfniviðmiða rauð, hæfni ekki náð. Mjög fáir nemendur eru hér. Alltaf þarf að skrifa skýringu með þessum bókstaf.

Matsferill

Matsferill er safn matstækja sem dregur upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda, reglulega yfir skólagönguna. Hlutverk Matsferils er tvíþætt. Annars vegar að fylgjast með framvindu hvers barns og tryggja að það fái viðeigandi kennslu og stuðning og hins vegar að afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins í heild. Frá og með skólaárinu 2025–2026 verða stöðu- og framvindupróf í lesskilning og stærðfræði hluti af Matsferli og skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk.

Í Akurskóla munum við nýta próf Matsferils fyrir alla árganga frá 4. til 10. bekk þrátt fyrir að þau séu aðeins skyldubundin í þremur árgöngum. Þannig fá nemendur tækifæri til að taka þátt í námsmati sem veitir innsýn í stöðu þeirra og framfarir og kennarar fá dýrmæt gögn til að styðja við kennslu og íhlutun.

Matsferill styður við hringrás mats og kennslu þar sem niðurstöður eru nýttar til að greina styrkleika og áskoranir, skipuleggja kennslu og veita viðeigandi stuðning. Niðurstöður eru skráðar í Frigg-gagnagrunninn og nýtast til að tengja námsmat við aðrar upplýsingar um farsæld og velferð nemenda.

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi fer fram í öllum árgöngum og er stuðst við skýrslu UNESCO ásamt þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Unnið er með ákveðnar áherslur hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 10. bekkjar eru fjölskyldur – jafnrétti og virðing, umburðarlyndi og virðing, mannréttindi, skuldbinding og foreldrahlutverk, langtímasamband og hjónabönd, ábyrgða hlutverk foreldra, barnagiftingar, kynferði, menning, samfélög og hlutverk.

Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Framsögn - flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhæða, tónfalli, áherslum og fasi.	Lestraraðferðir - valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.	Lestur og túlkun bókmennta - lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir.	Gögn og hjálpartæki - nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.
Ljóð - notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.	Tjáning - miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum.	Skrift og frágangur - haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum.	Bókmenntagreining - beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum.
Sköpunarkraftur - áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýrðasmið, í orðaleikjum og skáldskap.	Lestrarmenning - valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.	Bókmenntaarfurinn - lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir móttást af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð.	Orðflokkar - áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
	Uppbygging texta - skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr.	Fjölbreytt málnotkun - áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsmíði eftir efni og tilefni í ræðu og riti.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Einkenni málsins - beitt málfræðipekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun.	Nýting miðla - nýtt sér fjölbreytta hjóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.	Tjáning í texta - samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hlíðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum.	Lesskilningur - skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika.
--	--	--	---

Í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið íslensku í fimm flokka: Talað mál, hlustun og áhorf; lestur og lesskilningur; bókmenntir; ritun; mál og málnotkun. Þau mynda eina heild þar sem nemendur nýta tungumálið í fjölbreyttum viðfangsefnum, efla jákvætt viðhorf til íslenskrar tungu og átta sig á mikilvægi þess.

Megintilgangur íslenskukennslu er að nemendur eflist í málnotkun, tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli. Nemendur fá tækifæri til að nota tungumálið á skapandi hátt, efla orðaforða og tileinka gagnrýna hugsun. Íslenskukennsla tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda.

Kennsluefni og gög

- *Kjalnesinga saga*
- *Ég man þig*, skáldsaga eftir Yrsu Sigurðardóttur
- *Er ekki allt í lagi með þig?* Eftir Elísu Jóhannsdóttur
- *Gullvör*, kennslubók í málfræði eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson
- *Logar*, texta- og verkefnabók
- „*Mér er í mun...*“ bókmenntir fyrir efri bekk grunnskóla
- *Læsisvefurinn*, [Matsrammi fyrir lesfimi](#) - [Læsisvefurinn](#)
- Riturnarramminn, www.mms.is

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt. Verkefnaskil geta verið munnleg og skrifleg. Nemendur vinna flest skrifleg verkefni á spjaldtölvu í skilahólf. Munnleg skil og annarskonar verkefnaskil fara fram í kennslustofu. Nemendur vinna ýmis einstaklings- og hópverkefni sem reyna á hæfniviðmið árgangsins. Heimavinna er sett fyrir eftir þörfum. Nemandi ber ábyrgð á sínu námi með hvatningu og leiðsögn kennara og forsjáraðila. Námsmat er skráð jafnt og þétt á Mentor og námsmat verður í anda leiðsagnarmats.

Leshraði er kannaður í september, janúar og maí.

Lesfimi viðmið í 10.bekk:

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
10.bekkur	145 orð á mínútu	180 orð á mínútu	210 orð á mínútu

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Kynningar - undirbúið og flutt kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði.	Reiknihugsun og forritun - rannsakað stærðfræðilega eiginleika og samhengi með því að nota forritun.	Reiknireglur - nýtt sér samhengi og tengsl reikniadgerðanna og þekkingu sína í talnafræði við útreikninga.	Grunnreikniadgerðir - reiknað með rauntölum og nýtt sér tengsl og samhengi reikni-aðgerðanna við útreikninga.
Þrautlausnir - nýtt fjölbreyttar reikniadgerðir og stærðfræðilegt samhengi til að leysa þrautir og rökstutt svör sín.	Þróun aðferða - þróað, útskýrt og rökstutt hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum.	Samræður og tjáning - tjáð sig og spurt spurninga um stærðfræðileg viðfangsefni, útskýrt og rökstutt lausnir sínar fyrir öðrum.	Táknmál og hugtök - notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni.
Verkfæri og hlutbundin gögn - valið og nýtt ólík hjálpargögn og verkfæri til stærðfræðilegrar iðkunar, þ.m.t. tölvutækni og gervigreind.	Rannsóknarvinna - unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að rannsaka, setja fram, greina, túlka og meta stærðfræðileg viðfangsefni og líkön.	Fjármál - nýtt helstu hugtök fjármála, í tengslum við eigin fjármál, launagreiðslur, skatta og fjárfestingar og nýtt við útreikninga og úrlausnir verkefna daglegs lífs.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Jöfnuhneppi - leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.	Sannanir - sett fram, túlkað og metið einföld stærðfræðileg rök og sannanir.	Gagnavinnsla - notað tölfraðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.	Tölfraðikannanir - skipulagt og framkvæmt tölfraðikannanir og dregið ályktanir af þeim.
Myndrit - lesið, skilið og lagt mat á tölfraðilegar upplýsingar sem settar eru fram opinberlega.	Líkindatilaunir - framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljanir koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar.	Föll - unnið með fallahugtakið á mismunandi formi og við mismunandi aðstæður, bæði á blaði og með stafrænum verkfærum.	Margliður - fundið skurðpunkta við ása og útskýrt tengsl við þáttun og staðalform fyrir fyrsta og annars stigs margliður.
Jöfnur og ójöfnur - sett fram jöfnur og ójöfnur út frá gefnum forsendum og túlkað merkingu lausnar sinnar við raunverulegt samhengi.	Líkindareikningur - notað hugtök í líkindareikningi, eins og skilyrtar líkur, óháða atburði og notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.		

Í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í stærðfræði fyrir 8.-10. bekk í fimm þætti; vinnulag stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, tölfraði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

- Skali 3A og 3B
- Átta-tíu
- Almenn stærðfræði
- Annað efni frá kennara
- Kennslumyndbönd

Námsmat

Símat allt árið þar sem nemendur vinna að verkefnum, bæði einstaklings- og hópaverkefni. Lögð verður áhersla á fjölbreytt verkefni og leiðsagnarmat.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Sýrustig - útskýrt og unnið með pH kvarðann.	Alheimurinn - gert grein fyrir myndun og þróun stjarna.	Erfðir - útskýrt hvernig einkenni erfast á milli kynslóða.	Leysni - unnið með leysni mismunandi efna í vökvum og lofttegundum.
Uppbygging efna - þekkt uppbyggingu frumeinda og sameinda og myndun jóna.	Lotukerfið - útskýrt uppbyggingu lotukerfisins og tengt við eiginleika efna.	Vistkerfi - útskýrt þarfir lífvera og rætt á gagnrýninn hátt um þróun ólíkra vistkerfa.	Efnajöfnur - þekkt heiti algengra frumefna og efnasambanda og unnið með þau í efnajöfnum.
Vardveisla massa - útskýrt vardveislu massa, tengt við hegðun efna og frumeindakenninguna.	Loftslagsbreytingar - útskýrt loftslagsbreytingar, ástæður, afleiðingar og mótvægisáðgerðir.	Sólkerfið - þekkt eiginleika sólkerfisins og gert grein fyrir myndun, stöðu og hreyfingu sólkerfa.	Hringrásir efna og orku - lýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni.
Náttúruvernd - fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast náttúruvernd.	Efnabreytingar og eiginleikar efna - lýst efnabreytingum og samspili þeirra við hitastig og orku, m.a. með efnajöfnum.	Einstaklingurinn og umhverfið - rætt á gagnrýninn hátt tengsl einstaklinga, nær-umhverfis og umhverfis-mála á heimsvísu.	Geta til aðgerða - skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nær-umhverfi og í alþjóðlegu samhengi.
Líffræðileg fjölbreytni - útskýrt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýraveind, sjálfbæra þróun og vistkerfin.		Náttúruauðindir og sjálfbær nýting - gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúru-auðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu og rýnt í eigin neysluvenjur.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Rafmagn og rafrásir - útskýrt einfaldar rafrásir.	Rafmagn og segulmagn - útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns.	Hugtök - beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður.	Jörðin - gert grein fyrir stöðu og hreyfingu jarðar og áhrifum hennar á líf á jörðu.
Nýting orku - lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku og lýst áhrifum á umhverfi og náttúru.	Athuganir - framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum.	Miðlun - kynnt niðurstöður rannsóknna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt.	Vísindaleg vinnubrögð - sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísinda-legum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna.
Eðli vísindalegrar þekkingar - skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun.		Læsi á gögn og náttúruvísindatexta - lesið þyngri náttúruvísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúru-fræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi.	

Í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum fyrir 8.-10. bekk í sex þætti; vinnulag náttúruvísinda, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn. Þessir þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Nemendur nýta spjaldtölvur og fá einnig valið námsefni frá kennara. Náttúrugreinar eru kenndar í samþættingu við samfélagsgreinar og upplýsingatækni í Akrinum.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum. Námsmat er í formi símats, þar sem nemendur taka kannanir og leysa fjölbreytt einstaklings-, para- eða hópaverkefni.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðið

Hæfniviðið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Íslandssaga - útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar.	Umferðarreglur - áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.	Stjórnkerfi - útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.	Áhrif sögu á samtímann - sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.
Heimabyggð - sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðarþróunar.	Ábyrgð á náttúruvernd - varpað ljósi á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóðasamfélags á verndun náttúru og lífsgæða á jörðinni.	Samneysla - skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi.	Sjálfbær þróun - sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni.
Fjármál einstaklings - gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.			

Hæfniviðið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Hugtök - útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.	Velferðar-samfélag - útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag.	Lýðræðislegt samstarf - tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	Setja sig í spor annarra - sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.
Þarfir - gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.	Staðalmyndir - fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.	Félagsmótun - útskýrt hvernig sjálfmynd mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.	Auðlindir - varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélag og í hnatrænu samhengi.
Miðlun - miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnatrænum mállefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.	Saga - sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar.	Hugarfar - rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.	Tilfinningar - þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á vixilverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
Sögulegar heimildir - gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.	Geta til aðgerða - ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir mállefnum sem stuðla að betra samfélagi.	Lýðræði - útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnatrænu samhengi.	Samfélagsgerð - greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga.
Upplýsingalæsi - aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg mállefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.	Virðing - borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar.	Áhrif mannsins - útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni.	Reglur - útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
Neyslusamfélagið - varpað ljósi á neyslusamfélag nútímans, ferli hráefna frá öflun til eyðingar og hugmyndum um mikilvægi hringrásarhagkerfis.	Sjálfsþekking - gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.	Gagnrýnar umræður - spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg mállefni frá mismunandi sjónarhornum.	Skoðanamyndun - vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til mállefna.
Söguleg þróun - útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum.		Mannréttindi - þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu.	

Í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðiðin í samfélagsgreinum fyrir 8.-10.bekk í sex þætti; vinnulag samfélagsgreina, sjálfsmýnd, siðferði og trú, borgaravítund, saga og jörðin okkar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Nemendur nýta spjaldtölvur og fá einnig valið námsefni frá kennara. Samfélagsgreinar eru kenndar í samþættingu við náttúrugreinar og upplýsingatækni í Akrinum.

Námsmat

Símat allt árið þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum einstaklings- og hópaverkefnum. Samþætting með náttúrugreinum við ýmis verkefni. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Enska

Unnið verður markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem Aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa, einstaklings-, hóp- og paraverkefni sem miða að því veita nemendum alhliða hæfni í ensku. Nemendur gera ýmsar ritanir, hlustunarverkefni, framsagnar- og skapandi verkefni sem byggjast á því efni sem við erum að vinna í og tengjast hæfniviðmiðum.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Framsögn - beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.

Orðaforði - lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.

Skyldleiki og afbrigði tungumála - greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.

Aðrar námsgreinar - lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.

Tjáning - tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.

Samfelldur texti - skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Flutningur - samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.

Samræður - tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.

Frásögn og kynning - flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.

Persónuleg reynsla - skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaförðum.

Skapandi ritun - samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflað fá að njóta sín.

Almenn samskipti - tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.

Fjöl- og myndmiðlar - fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.

Greining aðalatriða - aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

Rauntexar - lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.

Frásagnir og kynningar - skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.

Bókmenntir - lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok grunnskóla eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem samsvarar 3. stigi. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlesi og námshæfni. Kennt er út frá ofangreindum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun, talað mál og framburð. Unnin verða einstaklings-, para- og hópverkefni út frá hæfniviðmiðunum.

Kennslufni og gög

- Verkefni frá kennara byggð á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár
- Spotlight 10 (málfræði og ítarefni)
- Move on! Lesbók og verkefni
- Wonder eftir R. J. Palacio og kjörbók (frjálst val út frá getu og áhugasviði)
- Ýmis myndbönd, tónlist og fréttæfni tengd efni kennslunnar.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar.

Danska

Unnið verður markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem Aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér. Nemendur skrifa stutt ritunarverkefni sem nýtast í hlutverkaleikjum með áherslu á talmál og sköpunargleði og æfa í leiðinni danskan framburð.

Hlustun er í formi upplestrar, kvikmyndaáhorfi og hljóðspilunar.

Framburðaræfingar verða jafnt og þétt í gegnum veturinn í formi samskiptaleikja, hlustunaræfingar, ýmsa myndbandsþætti og dönsk dægurlög ásamt upplestri á texta úr námsbókunum.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Framsögn - beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.	Flutningur - samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.	Endursögn - skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.	Orðaforði - lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.
Skýldleiki og afbrigði tungumála - greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.	Samræður - tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.	Aðrar námsgreinar - lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.	Samfélag - sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.
Málotkun - sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málotkunar og notað tengiorð við hæfi.	Frásögn og kynning - flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.	Greining upplýsinga - hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.	Fjölbreytileiki - gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma.
Persónuleg reynsla - skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.	Skapandi ritun - samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflíð fá að njóta sín.	Óformlegt samtal - tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli.	Almenn samskipti - tekst á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
Fjöl- og myndmiðlar - fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.	Tjáning - tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.	Greining aðalatriða - aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.	Samfelldur texti - skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
Rauntexar - lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.	Frásagnir og kynningar - skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvisleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.	Bókmenntir - lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.	

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmiðum fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Þá skiptast hæfniviðmiðin í 6 flokka: hlustun og áhorf, lestur og lesskilning, samskipti, frásögn, ritun og menningarlesi. Bæði er unnið með hvern þátt fyrir sig ásamt því að þeir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Foreldrar og forráðamenn fylgjast með á Mentor þegar nemendur eru metnir. Unnin verða einstaklings-, para- og hópverkefni út frá hæfniviðmiðunum

Kennsluefni og gögn

- Smil, les- og vinnubók a og b
- Dejlige Danmark, les og vinnubók
- Bordbombe, ásamt hlustunaræfingum og málfræðiæfingum.
- Danskir þættir og kvikmyndir ásamt efni af veraldarvefnum
- Ítarefni og frá kennurum

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi sí mats, þar sem lagðar verða fyrir kannanir og nemendur leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar.

Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Lykilhæfni

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Ígrundun - skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi.	Samskipti - rætt á skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn.	Ályktun - tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær.	Gagnrýnin hugsun - beitt ólíkum sjónarhornum og gagnrýnni hugsun í fjölbreyttum viðfangsefnum.
Orðaforði - tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum.	Náms- og starfsfræðsla - nýtt upplýsingar um námsleiðir og fjölbreytt störf við skipulagningu eigin náms- og starfsferils.	Vandvirkni og nákvæmni - valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Miðlun - valið úr fjölbreyttum leiðum til miðlunar.	Sköpun - leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt.	Samstarf - geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð.	Sjálfstæði - sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.
Leiðsögn - nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.	Lært af mistökum - lært af mistökum og séð í þeim nýja möguleika til framfara.	Árangur og sjálfsþekking - skilið og rökstutt viðmið um árangur og unnið að þeim.	Samvinna - unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.
Markmiðasetning - sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.			

Kennsluefni og gögn

Lykilhæfni er metin samhliða öllum námsgreinum í fjölbreyttum verkefnum.

Námsmat

Lykilhæfni verður tengd við verkefni í öllum námsgreinum unglingastigs og fá nemendur tækifæri til þess að sýna fram á hæfni sína yfir allt skólaárið.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið íþróttir

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk


Markmiðasetning, íþróttir - unnið með og sett sér skammtíma- og langtíma markmið í íþróttum.	Liffræðiþekking - vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar hafa í tengslum við þjálfun líkamans.	Útivistarbúnaður - valið og nýtt sér viðeigandi fatnað og nauðsynlegan búnað sem hæfir valinni útivist.	Markmiðasetning, hreyfifærni - nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að móta eigin þjálfunaráætlun.
Markmiðasetning, heilsurækt - unnið með og sett sér skammtíma- og langtíma markmið í heilsurækt og metið árangur.			

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Hópiþróttir - tekið þátt í hópiþróttum.	Taktur - gert rytmískar æfingar og fylgt takti.	Virkni - tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.	Þol - gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol í íþróttum.
Liðleiki - gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu.	Einstaklingsíþróttir - tekið þátt í einstaklingsíþróttum og heilsurækt.	Samhæfing - sýnt útfærslu flókinnar hreyfinga þannig að þær renni vel saman.	Leikreglur - þekkt mismunandi tegundir leikregna í hóp- og einstaklingsíþróttum.
Hreinlæti - fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.	Virkni - skilið mikilvægi góðrar ástundunar og sjálfsaga í tengslum við góðan árangur.	Heilsurækt - sótt og nýtt sér upplýsingar um alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla.	Skyndihjálpar - framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar.
Tilfinningar - skilið mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla lífsandann.	Stöðluð próf - nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreyfni, lipurð og samhæfingu.	Öryggisreglur - tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.	Útivist - skipulagt, tekið þátt og fylgt áætlun um útivist í mismunandi aðstæðum og varast hættur sem fylgt geta.
Heilsuefning - sýnt og skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á líkamlegu og andlegu heilbrigði og líkamlegu ásigkomulagi.	Háttvísi - farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik og hvatt til jákvæðrar framkomu við samherja og mótherja.	Styrkur - sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu.	Mælingar - notað mælingar til að leggja mat á eigin afkastagetu með tilliti til þreks, hreyfni, lipurðar og samhæfingar.

Hæfniviðmið sund

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk



Í Aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gög

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimi- og sundfatnað.


Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.


Upplýsinga og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk



Kennsluefni og námsmat

Í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í upplýsingatækni fyrir 8.-10.bekk í fjóra þætti; upplýsinga- og miðlalæsi, sköpun og miðlun, stafræn borgaravitund og lausnaleit. Á unglingastigi er upplýsinga- og tæknimennt kennd og metin samhliða náttúrugreinum og samfélagsgreinum. Hæfniviðmið greinarinnar eru tengd við verkefni þar sem unnið er með upplýsingaöflun og úrvinnslu.

Valgreinar

Námsskipulag í 8. - 10. bekk er þannig að nemendur geta valið námsgreinar að hluta til sjálfir. Með því er reynt að koma betur til móts við þarfir og áhugamál nemenda, en um leið leggur það aukna ábyrgð á herðar þeirra.

Valgreinum er skipt upp í fjórar lotur yfir skólaárið og velja nemendur þannig að þeir eru með 37 kennslustundir í hverri lotu.

Í Akurskóla er hægt að velja hvort heldur er list- og verkgreinar eða bóklegar greinar. Utan skóla er í boði íþróttaiðkun og tónlistarnám, nám í framhaldsskóla, regluleg mæting í félagsmiðstöðina Fjörheima ásamt þátttöku í starfi Unglingadeildarinnar Kletts og er það metið sem valgrein fyrir þá sem það kjósa.

Lota 1: 26. ágúst til 25. okt

Lota 2: 27. okt til 9. janúar

Lota 3: 12. janúar til 13. mars

Lota 4: 16. mars til 29. maí